

Sp.

554. Nefndarálit

[76. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. nefndarinnar skila séráliti.

Till. var send húsnæðismálastjórn til umsagnar, og í bréfi hennar frá 17. apríl 1964 er upplýst, að húsnæðismálastjórn hafi undanfarna mánuði unnið að endurskoðun lagaákvæða og nýjum tillögum í húsnæðismálum og nú nýlega skilað tillögum um þessi mál til ríkisstjórnarinnar.

Að fengnum þessum upplýsingum leggjum við til, að þáttill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 1. maí 1964.

Jónas G. Rafnar,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr., frsm.

Gunnar Gíslason.

Guðl. Gíslason.

Jón Árnason.